# BEAVERLAND



## Composition Book

Name ____________________

School ____________________

Grade ____________________

3ja kvenna nefnd til að semja laga-
frumvarp fyrir félagið. Hafði nefndin
lokið störfum og lagði fyrir fundinn
uppkast að lögum handa félaginu.
Var frumvarp þetta borið upp lið fyrir
lið og samþykt án breytinga.

2. Kosin varastjórn.

Á stofnfundi hafði verið kosin 3ja kvenna
stjórn, en samkvæmt lögum kvenfélags-
ins átti nú að kjósa aðrar þrjár til vara.
Fór nú þessi kosning fram og voru kosnar:
Sylvia Siggeirsdóttir varaformaður;
Elín Pétursdóttir vararitari
Guðrún Sveinsdóttir varagjaldkeri.

3. Fjármál.

Gjaldkeri gerði lauslega grein fyrir
hvað inn hefði komið fyrir grímudans-
leik, sem haldinn hafði verið í því
skyni að afla fjár, til að halda barna-
skemtun. Einnig gaf hún skýrslu um
útgjöld við barnaskemtunina.
Þá mintist Hólmfríður Jónsdóttir á
að fjárhagur félagsins væri erfiður svo

sem vænta mátti um nýstofnað félag fárra kvenna. Á því fyrsta bót að ráða ef að félagið ætti nokkru að geta til vegar komið í næstu framtíð. Kom fundar-konum saman um að hald skyldi opinbera skemtun og bögglauppboð til að aura saman. Frestað var til næsta fundar að taka frekari ákvörð-un um framkvæmd þess máls.

4. Útnefning.

Fundarstjóri nefndi tvær konur til að koma með efni til skemtunar á næsta fundi. Voru til þess nefndar: Hólmfríður Jónsdóttir og Rannveig Guðnadóttir.

Fleira var ekki rætt.
Fundi slitið

Hólmfríður Sigurgeirsdóttir
ritari



## Fundargerð.

Sunnud. mars 1927 var fundur haldinn í Kaupfélagshúsinu. 6 konur voru mættar. Engin ný málefni komu fram á fundinum. Talað var um fyrir-hugaða skemtun og ákveðið að hún skyldi haldin um sumarmál. Til skemt-ana skyldi vera: Bögglauppboð, skrautsýning upplestur og dans. Talað var um að taka þegar til óspiltra málanna að safna í bögglana og koma efninu til geymslu til gjaldkera þar til um það verður búið.

Skemtinefndin. Rannveig Guðnadóttir las upp byrjun á skáldsögu og 2 kvæði eftir sig. H. Jónsdóttir las upp grein, þýdda úr dönsku, um lifnaðarhætti Lappa.

Því var fundi slitið.

## Fundargerð.

Sunnud. 10. Apr. 1927 var fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga. Fundurinn var haldinn í Kaupfélagshúsinu. Formaður setti hann og nefndi til fundarstjóra Guðrúnu Sveinsdóttur.

Aðalefni fundarins var það að taka endanlega ákvörðun um skemtun sem halda skyldi til ágóða fyrir sjóð félagsins eins og rætt hafði verið um á fundum félagsins áður. Ákveðið var að halda skemtun þessa þann 23. s. m. Til skemtunar skyldi vera: Sjónleikur upplestur, skrautsýning böggla uppboð og dans. Til að útbúa bögglana voru kosnar: Þorbjörg Baldvinsdóttir, Jónína Baldvinsdóttir og Sigríður Þórðardóttir. Fjórar konur gengu í félagið á þessum fundi: Þorbjörg Baldvinsdóttir Helguhvammi Jónína Baldvinsdóttir s. st. Jenny Jóhannesdóttir Kirkjuhvammi og Margrét



Jóhannesdóttir s. st.

Önnur mál voru ekki til meðferðar Fundi slitið

Hólmfríður Sigurgeirsdóttir
(ritari)

## Fundargerð.

Sunnud. 6. Nóv. 1927 var fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga. Var þetta fyrsti fundur á vetrinum og hafði verið auglýstur með 2ja daga fyrirvara og þess getið í auglýsingunni að nýtt mál yrði til umræðu. Átta voru mættar.

Formaður setti fundinn og tilnefndi Jónínu Baldvinsdóttur til að annast fundarstjórn. Síðan voru fundarmál tekin í þessari röð:

1. Lesin og samþykkt fundargerð síðasta fundar.
2. Nýtt málefni. Framsögu hafði Hólmfríður Jónsdóttir.

Hóf framsögukona ræðu sína með því að upplýsa fyrir fundinum hvert hið nýja málefni væri er auglýst hafði verið. Kvaðst hún hafa hug á að haldið væri handavinnunámskeið hér á Hvammstanga nú á yfirstandandi vetri. Þá gat hún þess að Jónína Baldvinsdóttir hefði boðist til að halda hér námskeið í handavinnu í vetur fyrir börn og unglinga. Kvaðst frummælandi af þeirri hugmynd í fyrstu en hafa horfið frá henni í þetta sinn vegna þess að nú væri kostur á öðru langt um fullkomnara. Sagði hún að nú væri hægt að fá ágætan kennara, skagfirska konu, Margréti Konráðsdóttur til að halda hér 6 vikna námskeið, fyrir fullorðið fólk í Jan. og Febr. næsta ár. Kona þessi kendi tilsaum, tréskurð, gegnsag, körfugerð og margt fleira og væri mjög lærð og fullkomin. Kostnað af námskeiðinu áætlaði frummælandi í hæsta lagi Kr. 600,oo



Kaup kennslukonunnar væri ákveðið 600 Krónur yfir 6 vikna tímann. Ferða-kostnað sömu aðra leið (líklega frá Reykjavík) í hæsta lagi Kr. 50,oo. Fæði og húsnæði kennslukonunnar sama tíma kr. 84,oo. Kol til að hita upp kennslustofuna kr. 65,oo.

Framkvæmd málsins kvaðst hún hugsa sér á þessa leið:

Fengnir skulu 20 nemendur til að sækja námskeið þetta og skal hver nemandi greiða kr. 20,oo í kenslu-gjald. Verða það samtals Kr. 400,oo og samsvarar kaupi kenslukonunnar. Annan kostnað greiði kvenfélagið úr sjóði sínum þó ekki yfir 200 krónur. Verkefni leggi nemendur sér til sjálfir og sjái sér einnig fyrir fæði og húsnæði. Leitað skal samninga við hreppsnefndina um húsnæði til námskeiðsins ókeypis.

Hólmfríður Sigurgeirsdóttir kvaðst vera ákveðinn andstæðingur þessa máls í

þeirri mynd sem það kemi fram. Í fyrsta lagi sagðist hún vera því mótfallin vegna vegna þess að fjárhagur félagsins leyfði það ekki. Félagið gæti ekki lagt fram né ábyrgst 200 krónur af þeirri einföldu ástæðu að það ætti ekki svo mikið fé í sjóði

Í öðru lagi sagðist hún vera því mótfallin vegna þess að hún teldi það ekki nauðsynjamál. Það væri ekki hægt að vænta nægilegs árangurs af þessu námskeiði. Hér vantaði fólk æfing og undirbúning í þeim námsgreinum sem kendar yrðu og þyrfti því á undirbúningskennslu að halda, en til þess væri þessi kennsla of dýr. Því fé væri því ekki vel varið, sem lagt yrði til þessa. Alt öðru máli hefði verið að gegna með námskeið það fyrir börn og unglinga sem Jónína Baldvinsdóttir hefði ætlað að halda. Það mundi hafa kostað Kvenfélagið lítil fjárútlát, en verið góður undirbún-



ingur undir annað meira síðarmeir enda kvaðst hún hafa því máli mjög fylgjandi og vera það enn.

Þá vildi hún telja kostnaðaráætlun frummælanda aði lauslega og vafasama. Ferðakostnað lágt áætlaðan og ekkert gert fyrir ljósi, ræstingu á húsi né neinum óvissum útgjöldum. Tímann einnig frekar óhentugan vegna þess hve dagar væru stuttir á þeim tíma sem námskeiðinu væri ætlaður.

Frummælandi kvaðst ekki sjá neina fjárhagsörðugleika í þessu máli því þó að félagið hefði ekkert átt í sjóði þá hefði verið hægt að aura þetta saman í skyndi t.d. með því að halda skemtun. Þá taldi hún brýna þörf á að fá fullkominn kennara jafnvel þótt um byrjunarnám væri að ræða. Óvíst að hægt yrði að fá jafngóðan og fullkominn kennara síðar. Börnin hefðum við altaf hjá okkur, þau gætu biðið

þá fullyrti frummælandi að hún hefði tekið alla hugsanlega kostnaðarliði með í áætlunina. Kostnaður gæti alls ekki farið fram úr kr. 600.00. Ferðakostnaður væri áætlaður ríflega hátt, því kennslukonan ferðaðist á 2. (öðru) farrými. Sjós yrði alls ekki notað við kennsluna. Um annan tíma en Jan. og Febr. væri alls ekki að ræða sökum þess að stúlkan mundi halda námskeið annarstaðar seinna í vetur og hefði því ekki ráð á öðrum tíma en þessum.

Engin ákveðin tillaga kom fram í máli þessu en eftir tilmælum fundarstjóra veitti fundurinn henni heimild til að reyna fyrir sér um undirbúning málsins á þeim grundvelli er hún hafði lýst. Skyldi hún semja við hreppsnefndina um húsnæði fyrir námskeiðið í þinghúsinu. Fengist húsnæði ókeypis mætti auglýsa námskeiðið. Skyldi umsóknarfrestur ákveðinn til 10 dec.



n. k. Þegar umsóknar tíminn væri útrunninn skyldi haldinn almennur félagsfundur til að taka fullnaðarákvörðun í málinu. Yrðu þá komnar 20 umsóknir lofaði fundurinn að leggja fram úr sjóði félagsins allt að kr. 200.00 ef þörf krefði.

Fundarályktun þessi var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 1 (Hólmfríður Sigurgeirsdóttir greiddi atkvæði á móti).

3. Skemtanamál.

Formaður vakti máls á því að halda fjöfti skemtun til ágóða fyrir sjóð félagsins. Bað fundarstjóra að nefna 5 konur til að hrinda því máli í framkvæmd. Nefndi fundarstjóri þessar konur:

Hólmfríði Jónsdóttur
Þorbjörgu Baldvinsdóttur
Steinvör Benónýsdóttur
Guðrúnu Sveinsdóttur
Hólmfríði Sigurgeirsdóttur

4. Útnefning.

Formaður nefndi Jónínu Baldvinsdóttur og Debóru Þórðardóttur til að koma með efni til skemtunar á næsta fundi

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið.

Hólmfríður Sigurgeirsdóttir
(ritari.)

## Fundargerð.

Fimmtud. 15. Dec. 1927 var fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga. Var fundurinn haldinn í Kaupfélagshúsinu. Tólf konur mættu á fundinum. Form. setti fund og nefndi til fundarstjóra Steinvör Benónýsdóttur.

Þessi mál voru til meðferðar

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lesin og samþykkt í einu hljóði eftir nokkrar umræður



2. Fullnaðarákvörðun um handavinnunámskeið. Framsögn hafði Hólmfríður Jónsdóttir.

Frummælandi hóf mál sitt með því að lýsa því yfir að allar líkur væru til að ekkert gæti orðið úr framkvæmd þess máls, vegna þess að kennslukonan væri veik. Kvaðst málshefjandi hafa átt tal við hana í síma en samband hefði verið slæmt og símtalið þess vegna ekki nægt til að fá fullar upplýsingar. Sagðist mundu skrifa kennslukonunni og leita nánari upplýsinga

Nokkrar konur tóku til máls og létu sumar í ljósi að málið mundi með þessu dauðadæmt þegar í stað þar sem umsóknartími væri nú útrunninn og ekki fært að halda umsækendum í óvissu um ákveðinn tíma.

Ingibjörg Sigurðardóttir kvaðst mótfallin því, að skera málið niður þegar

í stað. Sagðist vilja fresta málinu enn á ný og bíða eftir skriflegu svari frá kennslukonunni með næsta pósti.

Eftir nokkrar umræður var borin upp munnleg tillaga um að fresta málinu. Var tillagan felld með jöfnum atkvæðum (6:6)

Þrátt fyrir þessa afgreiðslu málsins var varpað hlutkesti um hvort því skyldi frestað eða ekki. Féllu hlutir þannig að fresta skyldi málinu.

3. Skemtimálið. Hólmfríður Jónsdóttir gat þess eftir tilmælum fundarstjóra hvað gert hefði verið í því máli. Las upp smáleik sem hún hafði valið og þýtt og ákveðið var að sýndur skyldi ef Kvenfélagið héldi skemtun í vetur.

4. Upplestur. Debóra Þórðardóttir las upp kvæði eftir Erlu: Steinum í Vík. Jónína Baldvinsdóttir, sem einnig hafði verið nefnd til að



koma með efni til skemtunar á þessum fundi kvaðst vera óundirbúin en bjóst við að koma með eitthvað síðar.

5. Húsnæðismál. Steinvör Benónýsdóttir bauð fram ókeypis húsnæði til fundarhalda á næstkomandi ári. Þakkaði formaður og kvaðst standa verr að vígi með að leggja til húsnæði nú en áður.

6. Kaffisamdrykkja. Hólmfríður Jónsdóttir kom með þá uppástungu að hafðar skyldu kaffisamdrykkjur á fundum félagsins. Málið var lauslega rætt.

Fleira var ekki til umræðu á fundinum.

Fundi slitið

Hólmfríður Sigurgeirsdóttir
(ritari.)

# 1928

## Fundargerð.

Miðvikud. 18. Jan. 1928 var fundur haldinn í Kvenfélagi Hvammstanga, til að taka endanlega ákvörðun um fyrirhugað handavinnunámskeið o. fl. Fundurinn var haldinn í Kaupfélagshúsinu.

Tíu konur voru mættar á fundinum. Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Jósínu Baldvinsdóttur.

Voru svo málefni fundarins tekin til meðferðar.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykt.

2. Handavinnunámskeið.

Framsögumaður Hólmfríður Jónsdóttir Frummalandi lýsti því yfir, að nú væri komið bréf frá Margréti Konráðsdóttur. Væri hún fáanleg til að koma og halda námskeið hér á Hvammstanga, en svo illa staði á skipaferðum hingað til Norðurlands, að engin ferð væri áætluð vestur um land fyrr en í April og þá aðeins til Blönduóss, en



ekki til Hvammstanga. Sagðist framsögum. þessvegna búast við að ekkert gæti orðið af námskeiði þessu í þetta sinn, vegna þess hve langt yrði liðið fram á vor, en ekki rétt að halda umsækjendum lengur í óvissu.

Eftir nokkrar umræður kom fram tillaga um að hætta við að hafa námskeið þetta í vetur. Var tillagan samþykt í einu hljóði. Önnur tillaga kom fram um að kjósa 3ja kvenna nefnd til að halda iðnaðarmálinu vakandi til næsta vetrar og kynna sér eftir megni möguleika til þess að koma því á handavinnunámskeiði hér á Hvammstanga. Var sú tillaga einnig samþykt. Fór þá næst kosningin fram. Í nefndina voru kosnar:

Steinvör Benonýsdóttir með 9 atkv.
Hólmfríður Jónsdóttir " 8 "
Guðrún Sveinsdóttir " 5 "

3. Aðalfundur.

Ákveðið var að aðalfundur skyldi

verða haldinn Föstud. 27. Jan. Skyldi þá höfð verða kaffisamdrykkja og gestaboð. Veitingar skyldu sex konur annast. Til þess voru nefndar:

Sylvia Siggeirsdóttir,
Steinvör Benonýsdóttir,
Hólmfríður Jónsdóttir
Guðrún Sveinsdóttir,
Ingibjörg Sigurðardóttir,
Þorbjörg Baldvinsdóttir.

Fleira var ekki rætt á fundinum
Fundi slitið.

Hólmfríður Sigurgeirsdóttir
(ritari)

1928

Fundargerð.
(Aðalfundur.)

Þriðjudaginn 17. April 1928 var aðalfundur Kvenfélags Hvammstanga haldinn í húsi Sig. kaupmanns Pálmasonar. Átta konur voru mættar:

Þessi málefni voru til meðferðar.

1. Lesin og samþykkt fundargerð síðasta fundar.

2. Stjórnarkosning.

Kosningar féllu þannig:

Steinvör Benonýsdóttir var kosin form.
Sylvia Siggeirsdóttir - - gjaldkeri
Hólmfríður Sigurgeirsdóttir - - ritari

Varastjórn:

Hólmfríður Jónsdóttir form.
Guðrún Sveinsdóttir gjaldkeri
Elín Pétursdóttir ritari

Áður en gengið var til kosninga hafði fyrv. form. Hólmfríður Jónsdóttir lýst því yfir að hún tæki ekki endurkosningu.

3. Garðyrkja.

Elín Pétursdóttir bar fram tillögu í
þá átt, að kvenfélagið reyndi að koma
sér upp matjurtagarði hér á Hvamms-
tanga helst á næsta sumri. Málinu
var tekið vel en umræðum frestað
til næsta fundar.

Fleiri mál voru ekki afgreidd
á fundinum.

Fundi slitið.

Hólmfríður Sigurgeirsd.
(ritari.)

## NUMERATION

| | |
|---|---|
| Units | 1 |
| Tens | 12 |
| Hundreds | 123 |
| Thousands | 1,234 |
| Tens of Thousands | 12,345 |
| Hundreds of Thousands | 123,456 |
| Millions | 1,234,567 |
| Tens of Millions | 12,345,678 |
| Hundreds of Millions | 123,456,789 |

## MULTIPLICATION TABLE

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 6 | 8 | 10 | 12 | 14 | 16 | 18 | 20 | 22 | 24 |
| 3 | 6 | 9 | 12 | 15 | 18 | 21 | 24 | 27 | 30 | 33 | 36 |
| 4 | 8 | 12 | 16 | 20 | 24 | 28 | 32 | 36 | 40 | 44 | 48 |
| 5 | 10 | 15 | 20 | 25 | 30 | 35 | 40 | 45 | 50 | 55 | 60 |
| 6 | 12 | 18 | 24 | 30 | 36 | 42 | 48 | 54 | 60 | 66 | 72 |
| 7 | 14 | 21 | 28 | 35 | 42 | 49 | 56 | 63 | 70 | 77 | 84 |
| 8 | 16 | 24 | 32 | 40 | 48 | 56 | 64 | 72 | 80 | 88 | 96 |
| 9 | 18 | 27 | 36 | 45 | 54 | 63 | 72 | 81 | 90 | 99 | 108 |
| 10 | 20 | 30 | 40 | 50 | 60 | 70 | 80 | 90 | 100 | 110 | 120 |
| 11 | 22 | 33 | 44 | 55 | 66 | 77 | 88 | 99 | 110 | 121 | 132 |
| 12 | 24 | 36 | 48 | 60 | 72 | 84 | 96 | 108 | 120 | 132 | 144 |

## FEDERAL MONEY

10 cents (¢) make 1 dime
10 dimes " 1 dollar ($)
10 dolla[illegible] " 1 eagle

## ENGLISH MONEY

4 farthings make 1 penny (d)
12 pence " 1 shilling (s)
20 shillings " 1 pound (£)
21 " " 1 guinea

## FRENCH MONEY

100 centimes make 1 franc

## GERMAN MONEY

100 pfennig make 1 mark

## AVOIRDUPOIS WEIGHT

16 drams (dr.) make 1 ounce marked (oz)
16 ounces " 1 pound " (lb)
25 pounds " 1 quarter " (qr)
4 quarters or 100 lb " 1 hund. wt. " (cwt)
20 hundred weight " 1 ton " (T)

## APOTHECARIES WEIGHT

20 grains (gr.) make 1 scruple marked (℈)
3 scruples " 1 dram " (ʒ)
8 drams " 1 ounce " (℥)
12 ounces " 1 pound " (lb)

## TROY WEIGHT

24 grains (gr.) make 1 pennyweight (dwt.)
20 pennyweights " 1 ounce..........(oz.)
12 ounces " 1 pound..........(lb)

## PAPER MEASURE

24 sheets (sh.).......make......1 quire
20 quires (qu.)....... " ......1 ream
10 reams (r).......... " ......1 bale (ba.)

## LONG MEASURE

12 inches......make......1 foot
3 feet.......... " ......1 yard
6 feet.......... " ......1 fathom
5½ yards........ " ......1 pole or rod
40 poles........ " ......1 furlong
8 furlongs...... " ......1 mile
3 miles......... " ......1 league
69½ miles....... " ......1 degree

## SQUARE MEASURE

144 square inches...make 1 sq. foot
9 " feet.......... " 1 sq. yard
30¼ " yards....... " 1 sq. pole
40 " poles...... " 1 rod
4 roods............ " 1 acre
640 acres....... ..... " 1 sq. mile

## SOLID OR CUBIC MEASURE

1728 cubic inches make 1 cubic foot
27 " feet " 1 " yard
128 " " " 1 cord of wood
24¾ " " " 1 perch of stone

Note.—A cord of wood is a pile 8 feet long, 4 feet wide and 4 feet high, therefore 8 x 4 x 4 equals 128.

A perch of stone or brick is 16½ feet long, 1½ feet wide and 1 foot high.

## DRY MEASURE

2 pints (pt.).....make..1 quart
8 quarts (qt.).... " ..1 peck
4 pecks (pk.).... " ..1 bushel
36 bushels (bu.)..make..1 chaldron (ch.)

## LIQUID MEASURE

4 gills.........make 1 pint
2 pints........ " 1 quart
4 quarts...... " 1 gallon
31½ gallons...... " 1 barrel
2 bbl. or 63 gals " 1 hogshead (hhd)

## TIME MEASURE

60 seconds.....make..1 minute
60 minutes..... " ..1 hour
24 hours....... " ..1 day
7 days........ " ..1 week
365 days........ " ..1 common year
366 days........ " ..1 leap year
100 years....... " ..1 century

## MISCELLANEOUS DENOMINATIONS

12 units..........make............1 dozen
12 dozen.......... " ............1 gross
12 gross .......... " ............1 great gross
20 units .......... " ............1 score
56 lbs .......... " ............1 firkin of butter
100 lbs .......... " ............1 quintal dried salt fish
100 lbs " ......1 cask of raisins

196 lbs....make...1 bbl. of flour
200 lbs..... " ....1 bbl. of beef, pork or fish
280 lbs..... " ....1 bbl. of salt at the N. Y. State Salt Works
32 lbs..... " ....1 bushel of oats
48 lbs.... " ....1 bushel of barley
56 lbs.... " .. 1 bushel of corn or rye
60 lbs.. " 1 bushel of wheat

MADE IN U. S. A.